



**Bæjarráð Akraness**  
**Stillholti 16-18**  
**300 Akranes**

Akranesi, 12. janúar 2016

1601141 SH

**Efni: Heimild til ráðninga leikskólakennara 2016**

Í lögum nr. 78/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla er gert ráð að lágmarki  $\frac{1}{3}$  hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla skulu teljast til stöðugilda leikskólakennara. Fjölskylduráð samþykkti stefnumarkandi ákvörðun á fundi sínum 7. Júní 2011 sem fól í sér að hlutfall fagfólks af heildarfjöldastarfsmannahaldi leikskóla skuli vera 75%. Á fundi bæjarráðs Akraness, sem haldinn var þann 10. september 2015, var fjallað um ráðningar í leikskólum Akraneskaupstaðar og samþykkti að afnema hámarksreglur um hlutfall fagfólks í leikskólum Akraneskaupstaðar.

Við undirbúning fjárhagsáætlunar 2016 var tekið mið af þeim starfsmannafjölda og starfsheitum sem þá var í leikskólum (haust 2015).

	Án sérkennslu	Með sérkennslu
Leikskólakennarar við umönnun og kennslu	12,9	14,2
Önnur fagmenntun	2,18	3,48
starfsmenn í leikskóla	8,6	8,99
<b>Alls við umönnun og kennslu</b>	<b>23,68</b>	<b>26,67</b>
<b>Hlutfall leikskólakennara</b>	<b>54,47635</b>	<b>53,2433446</b>

Ofangreindar upplýsingar lýsa því hlutfalli leikskólakennara sem er við kennslu, umönnun og uppeldi barna í Akraseli í janúar 2015. Í desember hætti starfsmaður í leikskóla í Akraseli og óskar leikskólastjóri nú eftir að fá að ráða leikskólakennara í þá stöðu til að ná að uppfylla skilyrði um hlutfall leikskólakennara við kennslu, umönnun og uppeldi. Mismunur á launum starfsmanns í leikskóla og leikskólakennara er um kr. 2.300.000 á ári. Óskað eftir aukafjárheimild til leikskólans til að koma til móts við þennan launamun.

Virðingarfyllst,

Svala Hreinsdóttir

deildarstjóri skólaþróunar og sérfræðipjónustu